UMHVERFIS
STOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2020
UST201912-226/H.R.A.
08.06.02

**Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. september 2019 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er skráð var í eftirliti hjá Olíudreifingu Grundarfirði þann 14. október 2019. Frestur var veittur til 7. janúar 2020 til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun. Þann 6. janúar sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

**Frávikið er eftirfarandi:**

1. **Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Undir úrgangsolíugeymum eða geymsluílátum skal vera olíuhelt plan tengt olíugildru. Sama gildir um undantöppun og áfyllingu íláta. Úrgangsolía er nú geymd á ómalbikuðu plani. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður úrbótum lokið fyrir 1. júní nk.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Einar Halldórsson
Sérfræðingur

Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vesturlands